

## Rally - innanbæjarleið eins og 2008

**Til** : Helga Stefánsdóttir  
**Frá** : Þórður Bragason <thbraga@simnet.is>  
**Heiti** : Rally - innanbæjarleið eins og 2008  
**Málsnúmer** : 1509714  
**Málsaðili** : Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjav  
**Skráð dags** : 28.09.2015 13:16:11  
**Höfundur** : Þórður Bragason <thbraga@simnet.is>

Sæl Helga,

Ein keppni er eftir í Íslandsmótinu í ralli og á hún að fara fram dagana 16. og 17. okt. Laugardagurinn er nánast kominn á hreint, ekið verður um Skjaldbreiðarveg og Kaldadal en föstudagskvöldið er óráðið. Mín hugmynd er að keyra innanbæjar í Hafnarfirði eins og við gerðum sumarið 2008. Ræst yrði rétt hjá Holtanesti og ekið niður iðnaðarkverfið og niður að Kænunni.

Lúðvík var bæjarstjóri á þeim tíma og var vel inni í öllu sem við vorum að gera, en auðvitað þurfum við samþykki lögreglu auk ykkar leyfis.

Við lærðum nokkur atriði síðast, ekkert klikkaði á öryggishliðinni en kynna þarf lokunina betur, hugmyndin var að setja skilti við alla innakstra í hverfið einni og hálfri viku fyrr svo allir sem eru einhverntímann á ferinni sjái þau. Þar yrði kort af lokuninni ásamt frekari upplýsingum. Það var hellingur af áhorfendum síðast, samt var þetta ekkert auglýst.

En nú langar okkur semsé að gera þetta aftur og þurfum að byrja á að fá ykkar leyfi áður en við tölum við lögreglu og ÍSÍ. Þarf ég ekki að hitta þig, eða einhvern frá ykkur og kynna framkvæmdina?

kv,

Þórður Bragason

Formaður Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur

S: 896-1442